



## FUNDARGERÐ

**9. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps  
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 24. febrúar 2025  
og hófst hann kl. 15:00.**

### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

### Dagskrá:

#### 1. Ósk um endurskoðun samnings um vatnstöku Traðarholts. - 2411006

*Að beiðni Ara Árnasonar óskuðu eigendur Traðarholts eftir endurskoðun samnings. Farið yfir stöðu mála þar.*

THT og MHG funduðu með Ara Árnasyni og Önnu Maríu Kristjánsdóttur 9. janúar þar sem vatnstökumál voru reifuð. Var það að samkomulagi að fá nánari upplýsingar frá Isor varðandi hvað má gera og hvað ekki má gera innan vatnsverndarsvæða. Með þá vitneskju má frekar ræða þessi vatnstökumál. Kalla skal eftir nánari skýringum á afmörkun grannsvæðis / fjarsvæðis.

Málinu frestað til næsta fundar.

#### 2. Geldingalækur vatnstaka - 2502075

*Árið 2002 var gerð þarfagreining og forhönnun á vatnsveitukostum innan Rangárbings ytra. Einn af áhugaverðum kostum í þessari skýrslu er að taka vatn frá skilgreindu vatnsbóli á Geldingalæk. Óskað er eftir heimild til að skoða þann kost enn frekar til vatnsöflunar fyrir Hellu og nærsveitir.*

Áhugavert er að skoða frekar vatnstöku í landi Geldingarlækjar og leita heimildar landeiganda til vatnstöku ásamt því að vinna áfram með þá forhönnun sem gerð var árið 2002 af Línuhönnun.

Lagt er til fá Eflu (áður Línuhönnun) til að rýna gerða forhönnun fyrir vatnsbólið við Geldingalæk með flutning vatns á Hellu, Þykkvabæ og Oddalögn ásamt því að hafa Græna iðngarða á Strönd í huga.

Stjórn felur THT að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Fundargerðabækur - tillaga um að leggja þær niður. - 2502076

*Lagt til að hætt verði að nota fundargerðarbækur til að staðfesta fundarsókn í*

*Handwritten signatures and initials in blue ink.*

*samræmi við samþykkt Byggðaráðs 22.jan 2025*

Lagt til að hætt verði að nota fundargerðarbók til staðfesta fundarsókn en haldið verði áfram að nota trúnaðarmálabók.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Yfirlit veitustjóra. - 2310057


*Farið yfir rekstur veitunnar síðustu tímabil.*


THT fór yfir stöðu daglegs reksturs veitunnar. Verið er að ljúka tengingu nýrrar Þykkvabæjarlagnar inn á vatnstankinn í Þykkvabæ. Leki kom í ljós á tengingu annarrar aðaltengingar frá vatnstankinum í Freyvangi á síðustu dögum og gekk viðgerð vel. Að öðru leyti hefur daglegur rekstur veitunnar gengið vel og fjárhagslega lítur rekstur út fyrir að vera í jafnvægi.


Búið er að kaupa inn fyrsta skammt af rennslismælum með fjarálestri og verður byrjað að setja þá upp á næstu vikum hjá stórnotendum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Þráinn Ingólfsson

  
Eydís Þ. Indriðadóttir

  
Tómas H. Tómasson

